



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Víkingur leikur Brahms

23. og 24. janúar 2014





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Píanókonsert nr. 1: 45'00''

Sinfónía nr. 6: 34'00''

Rúmensk rapsódía nr. 1: 12'00''

Aðalstyrktaraðili:



GAMMA

Víkingur leikur Brahms

Tónleikar í Eldborg 23. og 24. janúar 2014 » 19:30

Cristian Mandeal hljómsveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

Johannes Brahms

Píanókonsert nr. 1 í d-moll, op. 15 (1858)

Maestoso

Adagio

Rondo. Allegro non troppo

Hlé

Franz Peter Schubert

Sinfónía nr. 6 í C-dúr D 589 (1818)

Adagio

Andante

Scherzo. Presto – Trio. Più lento

Allegro moderato

Georges Enescu

Rúmensk rapsódía nr. 1 í A-dúr, op. 11 (1901)

Cristian Mandeal

hljómssveitarstjóri



Cristian Mandeal er fæddur í rúmenska smábænum Rupea. Eftir nám í píanóleik, tónsmíðum og hljómssveitarstjórn í nágrennbænum Braşov lá leiðin til Búkarest þar sem hann lauk prófi frá tónlistarháskóla borgarinnar. Síðar lærði hann hjá Herbert von Karajan í Berlín og samlanda sínum Sergiu Celibidache í München.

Cristian Mandeal hefur komið víða við á löngum og giftu-
ríkum ferli og stjórnað hljómssveitum í á fjórða tug þjóð-
landa í fjórum heimsálfum. Hann var um árabíl aðal-
stjórnandi Fílharmóníuhljómssveitarinnar í Búkarest og
aflaði henni alþjóðlegrar viðurkenningar. Um sjö ára skeið
var hann listrænn stjórnandi Euskadi sinfóníunnar sem
er þjóðarhljómssveit Baskalands og gegndi sömu stöðu hjá
Sinfóníuhljómssveitinni í Haifa í Ísrael. Þá var hann fastur
stjórnandi Haydn hljómssveitarinnar í Bolzano og Trento á
Ítalíu.

Cristian Mandeal er tíður gestur margra helstu hljómssveita
Þýskalands og Bretlands. Þá hefur hann m.a. stjórnað
tékknesku, ísraelsku og japönsku fílharmóníuhljómssveitunum,
Þjóðarhljómssveitinni í Belgíu og hljómssveitinni Santa Cecilia
di Roma. Á óperusviðinu hefur hann stjórnað í Deutsche Oper
í Berlín og Wiener Staatsoper svo eitthvað sé nefnt.

Mandeal nýtur sérstakrar virðingar fyrir túlkun sína á verkum
landa síns Georges Enescu og á verkum Antons Bruckner og
Johannesar Brahms. Hann stjórnaði Fílharmóníuhljómssveit
Kaupmannahafnar á tveggja vikna tónlistarhátíð sem haldin
var í tilefni af 100 ára ártíð hins síðastnefnda árið 1997. Þá hefur
hann stjórnað hljóðritunum á öllum hljómssveitarverkum
Brahms og Enescus fyrir Arte Nova útgáfuna og sinfóníum
Bruckners fyrir Electrorecord. Nýlega hljóðritaði hann 9.
sinfóníu Bruckners með Hallé hljómssveitinni.

Víkingur Heiðar Ólafsson

einleikari



Víkingur Heiðar Ólafsson þreytti frumraun sína með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2001. Síðan þá hefur hann komið fram víða um heim með þekktum tónlistarmönnum og hljómsveitum og hlotið fjölda verðlauna fyrir leik sinn. Hann hefur frumflutt fjóra íslenska píanókonserta sem samdir hafa verið fyrir hann og gefið út þrjá geisladiska hjá útgáfufyrirtækinu Dirrindí sem hann stofnaði árið 2009. Nýverið vann hann að gerð sjónvarpsþáttanna Útúrdúr fyrir Ríkisútvarpið, auk þess að stofna og sinna listrænni stjórn Reykjavík Midsummer Music, tónlistarhátíðar í Hörpu sem valin var viðburður ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum 2013.

Víkingur hefur leikið á píanó frá unga aldri. Hann hóf nám hjá Erlu Stefánsdóttur og síðar Peter Máté við Tónlistarskólann í Reykjavík, stundaði framhaldsnám hjá Jerome Lowenthal og Robert McDonald við Juilliard skólann auk þess að njóta leiðsagnar fjölda annarra tónlistarmanna. Víkingur hlaut ýmsa styrki á námsárunum, m.a. úr Minningarsjóði um Birgi Einarson.

Um þessar mundir vinnur Víkingur m.a. að því að læra píanóverk Philips Glass fyrir tónleika í Reykjavík og Gautaborg, auk þess að æfa *Goldberg-tilbrigðin* og hljómborðssvítur Bachs, sem hann hyggst flytja og taka upp á árinu. Einnig vinnur hann að samstarfsverkefni með vídeólistamanninum Yann Malka sem frumflutt verður í Milánó í haust og undirbýr Reykjavík Midsummer Music 2014: *Minimal-Maximal*.

Mynd: Karólína Thorarensen

Johannes Brahms

Píanókonsert nr. 1 í d-moll, op. 15



Þann 30. september 1853 heimsótti hinn tvítugi Johannes Brahms (1833–1897) í fyrsta sinn Schumann hjónin í Düsseldorf með það fyrir augum að leika fyrir þau fyrstu píanóverk sín. Þessi heimsókn og vináttan sem fylgdi í kjölfarið átti eftir að hafa mikil áhrif á Brahms og þroska hans sem listamanns.

Clara og Robert voru djúpt snortin af óhefðbundnum stíl og persónuleika hins unga manns og sjálfur hreifst hann af mjög af listamannshjónunum, einkum Clöru. Um haustið skrifaði Robert forsíðugrein í tónlistartímarit sitt *Neue Zeitschrift für Musik* undir fyrirsögninni *Neue Bahnen* [Nýjar leiðir] þar sem hann með háfleygum orðum lýsir Brahms sem hinum útvalda. Þar stendur meðal annars: „Hann opnaði okkur dásamlegar víddir þar sem hann sat við flygilinn. Við vorum leidd inn í hvern töfraheiminn á fætur öðrum.“ Brahms, sem var afar sjálfsgagnrýninn, þótti sér lítill greiði gerður með þessum skrifum og lýsti hann áhyggjum sínum í bréfi til Schumanns. Líklegt er að væntingarnar og þrýstingurinn sem þeim fylgdi hafi átt þátt í að píanókonsertinn, fyrsta hljómsveitarverk Brahms, leit ekki dagsins ljós fyrr en fjórum árum eftir lofgjörð Schumanns og hálfu ári eftir dauða hans.

Tónlistin á Íslandi

Fyrsti píanókonsert Brahms hljómaði fyrst í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Þjóðleikhúsinu haustið 1960. Við flygilinn sat Rögnvaldur Sigurjónsson en á stjórnendapalli stóð Bodhan Wodiczko. Rögnvaldur lék verkið svo aftur með hljómsveitinni í Háskólabíói snemma árs 1965 undir stjórn Gustavs König. Aðeins rúmu ári síðar var mikið um dýrðir í Háskólabíói þegar síleski píanistinn Claudio Arrau flutti konsertinn með sinfóníuhljómsveitinni og Wodiczko. Síðan þá hefur konsertinn hljómað sjö sinnum á tónleikum hljómsveitarinnar, síðast árið 2000.

Árið 1854 samdi Brahms sönötu fyrir tvö píanó í þremur þáttum og spilaði hana margoft með Clöru Schumann sem heillaðist af frum- og mikilúðleika verksins. Brahms var þó ekki ánægður með uppbyggingu sönötunnar og sagði í bréfi til vinar síns Josephs Joachim — sem var ungverskur fiðluvirtuós, hljómsveitarstjóri, tónskáld og kennari — að eiginlega dygðu honum ekki tvö píanó. Uppúr því hófst hann handa við að útsetja fyrsta kaflann fyrir hljómsveit með sinfóníu í huga. Vinur hans, tónskáldið Julius Otto Grimm, aðstoðaði hann dyggilega við þetta en allt kom fyrir ekki, Brahms fannst hann ekki ennþá vandanum vaxinn. Hann fór nú að einbeita sér að æfingum í kontrapunkti með hjálp Joachims sem einnig leiðbeindi honum í að skrifa fyrir strengjahljóðfæri og önnur hljómsveitarhljóðfæri.

Þrátt fyrir margs konar mótlæti og hindranir efaðist Brahms aldrei um ágæti efniviðarins sem hann átti og ákvað nú að nota hann í tónvef úr sínfóníu og píanóverki, sem sagt píanókonsert. Síðla árs 1856 sendi hann Joachim fyrsta kafla píanókonserts síns í d-moll sem hann kallaði *Concert für das Pianoforte mit Begleitung des Orchesters*. Joachim svaraði Brahms stuttu síðar með vingjarnlegum ábendingum einkum hvað varðaði hljóðfæranotkun. Þetta handrit hefur varðveist og er merkileg heimild um vinnuaðferðir tónskáldsins sem annars var vanur að afmá öll spor undirbúningsvinnu. Handritið sýnir einnig af hversu mikilli alúð Joachim leiðbeindi vini sínum.

Með miklum breytingum í framhaldinu, þar á meðal nýjum lokakafla, fór píanókonsertinn að taka á sig mynd. Þegar verkinu lauk var Brahms hvattur til að flytja konsertinn opinberlega og sat hann við hljóðfærið við frumflutninginn í Gewandhaus í Leipzig 27. janúar 1859.

Verkið fékk vægast sagt slæmar viðtökur sem Brahms lýsir svo: „Á æfingunum var því tekið með algjörri þögn og á tónleikunum (þar sem varla þrjár manneskjur lyftu upp höndum til að klappa) var það beinlínis sussað niður.“ Síðar sagði hann í bréfi til Joachims: „Allt þetta hafði engin áhrif á mig. Ég var einungis að gera tilraun og finna mína leið að þessu formi, samt var sussið og hvissið einum of mikið. Það kemur manni til að hugsa skýrt og eflir kjarkinn.“

Í dag, röskum 150 árum eftir skandalinn í Gewandhaus, er píanókonsert Brahms dáður sem eitt af mestu meistaraverkum tónbókmenntanna sem engan lætur ósnortinn.

Franz Peter Schubert

Sinfónía nr. 6 í C-dúr D 589



Þýsk-bandaríski tónlistarfræðingurinn Alfred Einstein sagði eitt sinn um 6. *sinfóníu* Schuberts að hún væri undarlega óvinsæl meðal hljómsveitarstjóra; „þeir veðja frekar á þá tragísku [4. *sinfónían*] eða hina elskulegu fimmtu. Engin furða, hún slær þá út af laginu. Hún passar ekki inn í neitt skema.“ Það að *sinfónían* heyrir nú í þriðja sinn á 65. starfsári Sinfóníuhljómsveitar Íslands og að rúm 33 ár eru liðin frá síðasta flutningi segir sína sögu. Við hlustun vekur þessi staðreynd undrun því að *sinfónían* er frumleg, litrík og full af ungæðislegum þokka. Brahms, sem ritstýrði útgáfu á öllum *sinfóníum* Schuberts fyrir nótnaútgáfuna Breitkopf & Härtel árið 1884, gaf svokölluðum æskusinfóníum Schuberts reyndar ekki háa einkunn en Antonin Dvorák var aftur á móti einlægur aðdáandi þeirra og notaði þær sem námsefni á kennsluárum sínum í New York.

Tónlistin á Íslandi

*Sinfónía Schuberts nr. 6 hefur aðeins tvisvar sinnum prýtt efnisskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Það var þáverandi aðalhljómsveitarstjóri sveitarinnar, Írinn Proinnsías Ó Duinn sem reið á vaðið og stjórnaði flutningi verksins í árslok 1964. Rétt rúmum sextán árum síðar eða í ársbyrjun 1981 lék hljómsveitin *sinfóníuna* undir stjórn Páls Pampichlers Pálssonar.*

Franz Schubert (1797–1828) hóf að semja 6. *sinfóníuna* í október 1817 og lauk við hana í febrúar 1818 þá nýorðinn 21 árs gamall. Stuttu síðar var *sinfónían* frumflutt á lokuðum einkatónleikum í Vínarborg. Opinberlega heyrðist verkið ekki fyrir en 14. desember 1828, nokkrum vikum eftir lát tónskáldsins, í Redoutensal Hofburg-keisarahallarinnar í Vín. Þann 4. febrúar 1829 mátti lesa eftirfarandi í tónlistartímaritinu Allgemeine Musikalische Zeitung: „Ný *sinfónía* í C-dúr eftir Franz Schubert (úr dánarbúi): fallett verk unnið af kostgæfni, sér í lagi glettan [Scherzo] og lokakaflinn sem eru framúrskarandi glæsilegir. Það sem ef til vill má setja út á væri, að blásarasveitin fær full rikulegt rými á kostnað strengjanna.“

Tónmál Schuberts er mjög persónulegt í *sinfóníunni* þó víða gæti áhrifa frá öðrum tónskáldum, einkum Haydn og Beethoven og hér notar Schubert í fyrsta sinn Scherzo sem kaflaheiti. Þá glittir í Rossini í lokakaflanum líkt og í forleikjunum tveimur (D 590 og 591) sem Schubert samdi í kjölfar *sinfóníunnar*, en tónlist Rossinis naut mikillar hylli í Vínarborg á þessum tíma.



George Enescu

Rúmensk rapsódía nr. 1

George Enescu (1881–1955), virtasta tónskáld Rúmena, var betur þekktur sem einn fremsti fiðluleikari sinnar samtíðar, hljómsveitarstjóri, kennari og afburða píanisti. Hann vann reglulega með tónlistarmönnum á borð við Pablo Casals og fyrir hann skrifaði *Eugène Ysaÿe* þriðju sólósónötu sína fyrir fiðlu. Enescu hafði yfirnáttúrulegt minni og er sagður hafa getað sest við píanóið og spilað meðal annars verk Bachs, óperur Wagners og *Vorblót* Stravinskíjs utanað. Stóra ástríða hans var samt tónsköpunin sem varð þó iðulega að víkja fyrir öðrum verkefnum svo tónverk Enescus urðu aðeins 33 talsins.

Enescu byrjaði fjögurra ára gamall að læra á fiðlu hjá sígauna nokkrum í heimaþorpi sínu og eitt fyrsta lagið sem hann lærði var *Am un leu si vreau sa-l beau* sem gæti útlagst *Ég á aur og vil drekka hann út*. Sjö ára gamall fékk hann inngöngu í Tónlistarháskólann í Vínarborg og var þar nefndur hinn rúmenski Mozart vegna fágætra hæfileika sinna. Kennari Enescus var Joseph Hellmesberger yngri og er sagt að vinur Hellmesbergers, Johannes Brahms, hafi ósjaldan komið í heimsókn þegar undrabarnið var í tíma og gefið góð ráð. Fjórtán ára var Enescu kominn í Tónlistarháskólann í París og lagði aðallega stund á tónsmíðar, fyrst hjá Jules Massenet og síðar hjá Gabriel Fauré. Þar kynntist hann Maurice Ravel og með þeim tókst ævarandi vinátta.

Rúmenska rapsódían nr. 1 sem Enescu samdi rétt tæplega tvítugur í París, byrjar á fyrrnefndu lagi sem hann lærði fjögurra ára gamall heima í Rúmeníu. Síðan rekur hvert lagið annað og í raun er rapsódían syrpa af rúmenskum þjóðlögum í glæsilegri hljómsveitarútfærslu sem ber höfundu sínum fagurt vitni.

Sigurður Ingvi Snorrason

Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti Rúmensku rapsódíu Enescus nr. 1 í fyrsta sinn í maí 1965. Stjórnandi var Igor Buketoff. Premur árum síðar heyrðist verkið aftur í Háskólabíói undir stjórn Bodhans Wodiczko. Á árunum 1979–1987 lék hljómsveitin verkið nítján sinnum á jafn mörgum stöðum á landinu undir stjórn Páls P. Pálssonar. Þá stýrði Petri Sakari flutningi verksins í mars 1992 og Stefan Sanderling í maíbyrjun 1997.

Á döfinni

Sinfónían á Myrkum

Fimmtudagurinn 30. janúar » 19:30

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri

Hamrahlíðarkórarnir

Þorgerður Ingólfssdóttir kórstjóri

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Myrkum músík-dögum er jafnan spennandi efnisskrá þar sem ný íslensk tónlist er í forgrunni. Frumflutt verður nýtt verk eftir Þuríði Jónsdóttur auk þess sem tvö nýleg íslensk tónverk hljóma; *Í sjöunda himni* eftir Hauk Tómasson og *The Isle is full of noises* eftir Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóra tónleikanna. Efnisskrána fullkomnar *Three Movements* fyrir hljómsveit eftir bandaríska tónskáldið Steve Reich.

Gringolts og Volkov

Fimmtudagurinn 6. febrúar » 19:30

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri

Ilya Gringolts einleikari

Ilya Gringolts vakti heimsathygli þegar hann bar sigur úr bítum í Paganinikeppninni árið 1998, aðeins 16 ára gamall. Gringolts mun leika fiðlukonsert Schönbergs sem gerir gríðarlegar kröfur til einleikarans, bæði hvað varðar tækni og túlkun. Jafnframt verður fjórða sinfónía Schumanns og forleikurinn að *Lohengrin* eftir Richard Wagner á efnisskránni.

Á döfinni

Jabba-dabba-dú!

Laugadagurinn 15. febrúar » 14:00

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Gói kynnir

Á þessum einstöku tónleikum Litla tónsprotans lifnar töfraheimur kvikmyndanna við í meðförum Sinfóníu hljómsveitar Íslands sem leikur ódauðlegar perlur af hvíta tjaldinu, eftirlætislögin úr uppáhaldskvikmyndunum og glæsilegar syrpur í hljómsveitarbúningi. Tónlistin öðlast aðra vídd í líflegum kynningum og með leikrænum tilþrifum leikarans knáa, Góa.

Jabba-dabba-dú! eru tónleikar fyrir alla fjölskylduna þar sem Steinaldarfjölskyldan og Sjóráeningjar Karíbahafsins mæta tónleikagestum í Eldborg.

Doctor Atomic

Fimmtudagurinn 20. febrúar » 19:30

Baldur Brönnimann hljómsveitarstjóri
Colin Currie einleikari

Óperan *Doctor Atomic* eftir bandaríska tónskáldið John Adams var frumflutt í San Francisco óperunni árið 2005. Síðar útfærði Adams hluta verksins fyrir sinfóníuhljómsveit án söngvara og nefndi *Doctor Atomic Symphony*. Adams er handhafi Pulitzer-verðlaunanna. Svissneski hljómsveitarstjórinn Baldur Brönnimann er Íslendingum að góðu kunnur en hann hefur um árabíl verið gestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Steve Reich og Daníel Bjarnason

Opnunartónleikar á Myrkum músíkdögum



Fim. 30. jan. » 19:30

Haukur Tómasson Í sjöunda himni
Daníel Bjarnason *The Isle is full of Noises*
Þuríður Jónsdóttir Nýtt verk
Steve Reich *Three Movements*

Daníel Bjarnason hljómveitarstjóri
Hamrahlíðarkórarnir
Þorgerður Ingólfssdóttir kórstjóri


Tryggið ykkur miða í tíma

Á tónleikum Sinfóníunnar á Myrkum músíkdögum er ný íslensk tónlist í forgrunni. Frumflutt verður verk eftir Þuríði Jónsdóttur auk þess sem tvö nýleg íslensk tónverk hljóma; Í sjöunda himni eftir Hauk Tómasson og *The Isle is full of Noises* eftir Daníel Bjarnason,

hljómveitarstjóra tónleikanna. Hamrahlíðarkórarnir munu taka þátt í flutningi verksins sem hljómar hér á landi í fyrsta sinn en verkið var frumflutt í Disney Hall 2012. Efnisskrána fullkomnar svo *Three Movements* eftir Steve Reich.



Heimspíanistar í Hörpu



HARPA

Harpa kynnir með stolti

Goðsögnin Philip Glass
frumflytur eigin verk í Hörpu

Philip Glass

28. janúar, kl. 20:00

Piano études

Ásamt píanóleikurunum
Víkingi Heiðari Ólafssyni
og Maki Namekawa

25% afsláttur til áskrifenda
Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Nánari upplýsingar í miðasölu Hörpu

www.harpa.is/philipglass

ICELANDAIR 

 Arlon banki

Hljómsveit á tónleikum

23. og 24. janúar 2014

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Bryndís Pálsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Andrzej Kleina
Margrét Kristjánsdóttir
Lin Wei
Mark Reedman
Laufey Jensdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Sigríður Hrafnkelsdóttir

2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir
Roland Hartwell
Greta Salome Stefánsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Þórdís Stross
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Christian Diethard
Kristján Matthíasson
Dóra Björgvinsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Joanna Bauer

VIÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Guðrún Hrunn Harðardóttir
Sesselja Halldórsdóttir

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Júlía Mogensen
Hrafnkell Orri Egilsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Auður Ingvadóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Melkorka Ólafsdóttir

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

KLARÍNETT

Argunnur Árnadóttir
Einar Jóhannesson

FAGOTT

Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jólsson

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley
Elísabet Waage

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Bengt Árstad, listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálagulltrúi
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen, nátna- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri.

Margrét Ragnarsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri
Una Eyþórsdóttir mannaútsstjóri
Þórunn Vala Valdimarsdóttir umsjónarmaður

Ilan Volkov, aðalhljómveitarstjóri og listrænn stjórnandi



Mæðginin Ágústa María Jónsdóttir og Stefán Jón Bernharðsson eru hluti af mikilvægri heild.

Stefán Jón: Ég var auðvitað alveg grænn fyrst þegar ég byrjaði í sveitinni fyrir fimmtán árum síðan. **Ágústa:** Já, en þetta vandist fljótt og ætli þetta hafi ekki snúist við í dag, þú alir mig upp. Það er allavega stuðningur í því að vinna með fjölskyldumeðlimum.

Sagt er að ákveðnar manngerðir leiki á viss hljóðfæri, eða skyldu hljóðfærin á einhvern hátt hafa mótagandi áhrif á manneskjurnar?

Að sitja inni í miðri hljómsveit þegar allt er komið á fulla ferð er merkileg upplifun sem Ágústa María Jónsdóttir þekkir vel.

Hún kom til starfa í Sinfóníuhljóm-sveit Íslands undir lok áttunda ára-tugarins. Tónlistarnámið stundaði hún hér heima og í sjálfri háborg tónlistarinnar, Vín í Austurríki, þar sem menn á borð við Mozart og Beethoven sömdu verk sín forðum daga. Þó að fiðlan sé í öndvegi í símfónískum tónverkum eru hornin

engu að síður meðal glæsilegustu hljóðfæra símfóníuhljóm-sveitar og einn tónlistarmannanna sem blæs í þau er Stefán Jón, sonur Ágústu.

Það er gleðilegt að vita að í hljómsveitinni komi kynslóðirnar saman með eitt markmið – að þjóna tónlistargöðjunni.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

www.gamma.is



GAMMA